

# Friðlýsing: Kerlingarfjöll

## Verk- og tímaáætlun

### Forsendur

Kerlingarfjöll eru fjallabálgur skammt suðvestur af Hofsjökli. Svæðið er hálent og eru hæstu fjöll um 1200-1500 m. há, og er Snækollur þeirra hæstur. Mikil líparítfjöll einkenna svæðið ásamt lægri móbergsfjöllum. Kerlingarfjöll draga nafn sitt af móbergsdranga sem rís upp úr líparítskriðu sunnan í Tindi í vestanverðum fjöllum. Kerlingarfjöll eru megineldstöð og þar er að finna allmikið háhitasvæði. Ekki hafa orðið eldgos í Kerlingarfjöllum á nútíma.

Kerlingarfjöll eru og hafa verið afar vinsælt útivistarsvæði. Á árum áður var þar vinsælt skíðasvæði en nú heimsækja gestir svæðið fyrst og fremst til að stunda göngur og ljósmyndun þar sem háhitasvæðið er helsta aðdráttarafið, ásamt óraskaðri náttúru, víðerni, kyrrð og ró. Í tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu 2015-2026 eru Kerlingarfjöll skilgreind sem hálendismiðstöð og stefnt er að frekari uppbyggingu á svæðinu í því skyni að þjónusta gesti svæðisins.

Kerlingarfjöll voru skráð á náttúruminjasrá árið 1996 (*Fjallaklasi milli Kerlingaröldu og Rauðkolla að sunnan og Skeljafells, Ásgarðsfjalls og Þverfells að norðan. Að vestan liggja mörk um Bringur, en að austan um Kisubotna og Mosdal. Stórbotnið og litríkt landslag, mikill jarðhiti. Vinsælt útivistarsvæði.*) og hverir á svæðinu njóta sérstakrar verndar skv. b. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Stór hluti svæðisins hefur verið verndaður með hverfisvernd skv. aðalskipulagi Hrunamannahrepps auk þess sem svæðið í heild er skilgreint sem náttúruverndarsvæði í Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015.

Árið 2011 voru samþykkt á Alþingi lög um verndar og orkunýtingaráætlun. Markmið laganna er að: „*tryggja að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið er tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.*“ Í lögnum er kveðið á um að ráðherra skuli leggja fram á Alþingi, eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti, tillögu til þingsályktunar um/á áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða þar sem mótuð er stefna um hvort að landsvæði þar sem er að finna virkjunarkosti megi nýta til orkuvinnslu, eigi að friðlýsa eða kanna frekar. Virkjunarkostirnir eru þannig flokkaðir í nýtingarflokk, verndarflokk eða biðflokk. Ári 2013 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um vernd og orkunýtingu landsvæða þar sem fjórir hugsanlegir virkjunarkostir í Kerlingarfjöllum, Hverabotn, Neðri-Hveradalir, Kisubotnar og Þverfell, voru flokkaðir í verndarflokk.

Í samræmi við ákvæði 39. gr. laga nr. 60/2013 og 6. gr. laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun hefur Umhverfisstofnun, í samvinnu við Hrunamannahrepp, Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Kerlingarfjallavini, hafið undirbúning að friðlýsingu svæðisins. Við undirbúning friðlýsingarinnar verður lögð áhersla á að stefna að sem mestri sjálfbærni á svæðinu og munu friðlýsingarskilmálar og stjórnunar- og verndaráætlun taka mið af þeim áherslum.

### Tækifæri með friðlýsingu svæðisins felast m.a. í:

- verndun náttúru, einkum jarðminja

- aukin sjálfbærni svæðisins með áherslu á náttúru og umhverfi, samfélagslega þætti og efnahagslega þætti.
- betra viðhald vega og skýrari afmörkun gönguleiða
- landvarsla og eftirlit
- aukin fræðsla og merkingar
- samstarf ríkis, sveitarfélaga og hagsmunaaðila á svæðinu.
- gerð stjórnunar- og verndaráætlunar

### Almennt um friðlýsingar

Í lögum um náttúruvernd er kveðið á um hlutverk Umhverfisstofnunar við friðlýsingar. Þar kemur fram að ráðherra getur friðlýst landsvæði, einstakar náttúrumyndanir, náttúruminjar í hafi, vatnasvæði og heildstæð vatnakerfi. Umhverfisstofnun hefur það hlutverk að undirbúa friðlýsingar og skal gera drög að friðlýsingarskilmálum og leggja fyrir landeigendur og aðra réttshafa lands, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Í auglýsingu um friðlýsingu skal gera grein fyrir markmiði með friðlýsingu, þeim náttúruminum sem stefnt er að því að varðveita og verndargildi þeirra. Þá skal auglýsingu um friðlýsingu fylgja kort sem sýnir hnitsetta afmörkun svæðisins. Innan þeirra marka sem hverjum friðlýsingarflokki eru sett, getur ráðherra kveðið nánar á um takmarkanir, m.a. á umferðarrétti, notkun veiðiréttar og framkvæmdum auk þess sem ráðherra er heimilt að ákveða að afla skuli leyfis Umhverfisstofnunar til athafna og framkvæmda sem geta haft áhrif á verndargildi svæðisins. Þá má setja mismunandi reglur fyrir einstaka hluta svæðisins.

Samkvæmt 81. gr. laga um náttúruvernd ber Umhverfisstofnun ábyrgð á því að gerð sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlýst svæði og skal tillaga að áætlun liggja fyrir innan 12 mánaða frá gildistöku friðlýsingarinnar.

## Verk- og tímaáætlun

Febrúar 2016:

2. febrúar 2016: Fyrsti fundur umhverfis- og auðlindaráðherra, fulltrúa Hrunamannahrepps, umhverfis- og auðlindaráðuneytis og Umhverfisstofnunar.

5. febrúar 2016: Kallað eftir tilnefningum fulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Kerlingarfjallavina í samstarfshóp.

Vika 8: Fyrsti fundur samstarfshóps. Verk- og tímaáætlun og samráðsáætlun samþykkt. Hagsmunaaðilagreining. Umræður um friðlýsingarflokk, friðlýsingarskilmála, mörk og áherslur.

Vikur 8-11: Samstarfshópur fundar eftir þörfum til að ljúka gerð friðlýsingarskilmála, ákveða mörk og umgengnisreglur.

Mars/apríl 2016: Tillaga að auglýsingu um friðlýsingu Kerlingarfjalla auglýst til ábendinga og athugasemda. Auglýsingatími er 6 vikur.

Vika 21 – 24: Unnið úr athugasemdum sem berast á auglýsingatíma og friðlýsingarathöfn undirbúin.

15. júní 2015: Ráðherra undirritar friðlýsingu í Kerlingarfjöllum ef veður og færð leyfa.